



Mai 2021

á íslensku

Verði þér sem þú trúir!

(Mt 8,13)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Treustið Jesú! Trust Jesus!

Kæru vinir go4peace,

hann var kominn langt að til Galíleuvatns vegna starfs síns. Hann var hundraðshöfðingi í rómverskri hersveit. Hann hafði unnið sig upp meðal almennra hermanna. Hann var til fyrirmyndar í umhyggju fyrir fólkinu á heimili sínu. Heimamenn voru Gyðingar. Í þeirra augum var hann ókunnugur, heiðinn maður. Hann hafði lært að guðræknir Gyðingar færu aldrei inn á heimili hans. Lögmaál þeirra bannaði þeim það.

Sem hundraðshöfðingi varð hann vitni að mörgu. Hann tók líka eftir því að þarna var ungur rabbíni sem margir treystu á. Orð hans voru ekki innihaldslaus. Miklu fremur stafaði krafti af orðum hans sem höfðu læknað svo marga sjúka. Þessi reynsla hvatti hundraðshöfðingjann til að nálgast Jesú. Hann hafði sagt honum: „Herra, sveinn minn liggur heima ... mjög þungt haldinn!“ Þá vildi Jesús koma heim til hans. Það þýddi að hann var að brjóta lögin. Hundraðshöfðinginn vildi ekki að hann gerði það og því svarar hann: „Herra, ég er ekki verður þess, að þú gangir inn undir þak mitt. Mæl þú aðeins eitt orð, og mun sveinn minn heill verða. Því að sjálfur er ég maður, sem verð að lúta valdi og ræð yfir hermönnum, og ég segi við einn: ‚Far þú,‘ og hann fer, og við annan: ‚Kom þú,‘ og hann kemur.“ Þessi trú snerti hjarta Jesú. Hann sagði því við hann: „Far þú, verði þér sem þú trúir!“ Og sveinninn varð heill á þeirri stundu.

Ég fékk símtal frá gamalli konu. „Ímyndaðu þér að prestur frá Afríku komi til sóknar okkar í eitt ár. Nú þurfum við íbúð nálægt kirkjunni. Mottó dagsins kom strax upp í hugann: „Farðu út úr sjálfum þér, búðu til við!“ var sagt við mig. Ég heyrði í vinum mínum: Finna íbúð í bænum okkar? Þú verður að setja þig á biðlista í 5 ár. Ómögulegt verkefni! Ég bað til látins prests: Ég þarf hjálp þína núna! – Svo settist ég við símann. Mér var sagt: Það er vel innréttuð íbúð á móti kirkjunni. Ég náði til eigandans. Strax var gott andrúmsloft í símanum. Í lok samtalsins var ljóst að hann myndi leigja íbúðina til bróður síns frá Afríku. Við hittumst í íbúðinni. Ég var gáttaður. Allt sem heimilið þarfnaðist var til staðar. Þegar ég fór heim var mér ljóst: Aðeins hjálp frá himni hafði gert þetta mögulegt.“ – **Treustið Jesú! Trust Jesus!**

fyrir go4peace Team

Meinolf Wacker